



Samþykki vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis grunnskóla

Nafn barns	Kennitala	Sími	Netfang
Lögheimili			
Forsjáraðili			
Forsjáraðili			

Grunnskólar Garðabæjar starfa samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðum sem eiga stöð í þeim lögum, aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011, skólastefnu Garðabæjar og skólanámskrá grunnskólans. Sem liður í uppeldis- og menntastarfinu í grunnskólanum og til að veita forsjáraðilum og nemendum innsýn í starfsemi okkar eru teknar ljósmyndir og myndbönd af barninu í leik og starfi.

Allt myndefni er vistað í ljósmyndasafni Garðabæjar. Myndefnið getur verið birt á vefsíðu grunnskólans, og á öðrum opinberum vettvangi á vegum grunnskólans og Garðabæjar. Ljósmyndir eru ýmist notaðar í fréttabréfum, í skólanámskrá og til að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið. Bekkjarmyndir eru gefnar út með nafngreiningu allra nemenda og tilgreiningu á bekk hverju sinni. Forsjáraðilum stendur til boða að kaupa eintak af bekkjarmyndum barna sinna.

Með undirritun eyðublaðs þessa lýsa forsjáraðilar yfir samþykki fyrir slíkri vinnslu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Í eyðublaðinu tekur undirritaður forsjárðili afstöðu til þess hvort skólanum sé heimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af barni hans og vinna með þeim hætti sem að neðan greinir.

- | | | |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| 1. Er heimilt að taka ljósmyndir af barni þínu í daglegu starfi? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 2. Er heimilt að taka myndbönd af barni þínu í daglegu starfi? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 3. Má birta myndefnið á vefsíðu skólans, í fréttabréfum, kynningarefni og skólanámskrá? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 4. Má birta myndefnið á vefsíðu Garðabæjar? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 5. Má birta myndefnið í rafræna upplýsingakerfinu Mentor/Námsfús/Innu? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 6. Má nota myndefnið til að upplýsa forráðamenn um skólastarf? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 7. Má birta myndefni af barninu á veggjum skólans? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 8. Samþykkir þú að teknar verði bekkjarmyndir af barni þínu sem gefnar verða út með nafngreiningu hvers og eins nemandar? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 9. Samþykkir þú allt ofangreint? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |



Grunnskólinn er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð ljósmyndanna. Sé efni birt á vefsíðu/m Garðabæjar er bærinn samábyrgðarðili varðandi þá birtingu og fylgir sömu ákvæðum laga.

Heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem heimiluð er á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað eða til þriðja aðila, án leyfis og eru þær varðveittar sem trúnaðarmál.

Reglur okkar um myndatöku, myndbandsupptökur og birtingu myndefnis:

1. Við munum ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um börn sem birtast í myndefni hjá okkur nema þegar um sérstakar ástæður er að ræða, eins og þegar barn hefur unnið til sérstakra verðlauna.
2. Starfsfólk hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndbönd af nemendum á tæki í eigin eigu.
3. Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar skal gæta varúðar, nærgætni og góðs siðferðis og verða börn aldrei sýnd á óviðeigandi hátt.

Garðabæ, dags. _____

Undirritun forsjáraðila